

Nd. 117. Frumvarp til laga [80. mál]

um breyting á lögum nr. 49 16. maí 1974, um Lífeyrissjóð sjómanna.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Guðmundur G. Þórarinsson, Garðar Sigurðsson,
Jóhanna Sigurðardóttir.

1. gr.

Aftan við bráðabirgðaákvæði laganna komi tvær nýjar málsgreinar, er orðist svo:

Árin 1980—1984 skulu elli-, örorku- og makalífeyrisgreiðslur samkvæmt lögum þessum breytast ársfjórðungslega þannig, að lífeyrir miðist við grundvallarlaun samkvæmt 2. málsgr. 11. gr. eins og þau eru 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí og 1. október ár hvert. Frá 1. janúar 1985 að telja skulu uppbætur á lífeyrisgreiðslur ákveðnar í samræmi við ákvæði 16. gr.

Heimilt er stjórn sjóðsins að taka ákvörðun um aðild hans að samstarfssamningi lífeyrissjóða, sem nefndur er í 24. gr. laga nr. 97/1979, um eftirlaun til aldraðra.

2. gr.

Lög þessi gilda frá 1. janúar 1980.

Greinargerð.

Stjórn Lífeyrissjóðs sjómanna lét á árinu 1979 athuga möguleika á aukinni verðtryggingu lífeyris úr sjóðnum, en með bréfi, dags. 7. febrúar 1979, höfðu Sjómannasamband Íslands og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands beint til-mælum um þetta efni til stjórnar sjóðsins.

Í bráðabirgðaákvæðum laga nr. 49/1974, um lífeyrissjóð sjómanna, er kveðið á um tilteknar hækkanir allra elli-, örorku- og makalífeyrisgreiðslna sjóðsins árin 1972—1974 í hlutfalli við kauphækkanir. Miðað við kaupgjaldspróun áratuginn fyrir setningu laganna var gert ráð fyrir, að í ákvæðum þessum fælist 75—80% verð-trygging þessara tegunda lífeyris. Barnalífeyrir er hins vegar verðtryggður að fullu, þar eð hann breytist í hlutfalli við lífeyri almannatrygginga. Eftir árslok 1974 skyldu ákvarðanir um uppbætur á elli-, örorku- og makalífeyri teknar af ráðherra að fengnum tillögum sjóðsstjórnar í samræmi við ákvæði 16. gr. laganna.

Með lögum nr. 52/1974, lögum nr. 106/1974 og lögum nr. 55/1975 var hluta gengismunar við breytingar á gengi íslenskrar krónu veitt til lífeyrissjóða sjómanna í því skyni, að verðbæta mætti lífeyrisgreiðslur. Nam aukaframlag það, sem Lífeyrissjóður sjómanna fékk samkvæmt þessum þrennum lögum, samtals 92.3 millj. kr. Með skírskotun til þessa framlags hefur stjórn sjóðsins tekið ákvarðanir um lífeyrishækkanir, sem átt hafa sér stað árin 1975—1979. Í ársbyrjun 1975 var beitt sömu aðferð og undanfarandi ár, en vaxandi verðbólga olli því, að sú regla veitti ekki jafnmikla verðtryggingu og hún hafði áður gert. Var því greidd sérstök upp-bót fyrir síðari helming ársins 1975, en árin 1976—1979 hefur uppbótargreiðslum verið hagað með hliðsjón af samkomulagi launþega og vinnuveitenda um málefni lífeyrissjóða í febrúar 1976 og júní 1977. Árin 1977—1979 hafa elli-, örorku- og makalífeyrisgreiðslur, er miðast við 20 stig eða færri, verið verðtryggðar að fullu, en stig umfram 20 hafa verið verðtryggð eftir þeirri reglu, sem gildi árin 1972—1974. Með fullri verðtryggingu er hér átt við ársfjórðungslegar hækkanir lífeyris til samræmis við breytingar, sem verða á grundvallarlaunum sjóðsins (2. taxta Dags-brúnar).

Lífeyrisgreiðslur Lífeyrissjóðs sjómanna fara nú allórt vaxandi, og verður ekki lengur hjá því komist að breyta lögum sjóðsins, ef veita á áfram uppbætur á lífeyri með öðrum hætti en þeim, sem kveðið er á um í 16. gr. laga hans.

Í 1. gr. meðfylgjandi frumvarps er kveðið á um fulla verðtryggingu allra elli-, örorku- og makalífeyrisgreiðslna sjóðsins frá ársbyrjun 1980 til ársloka 1984 með sama hætti og verðtrygging 20 stiga eða færri hefur verið árin 1977—1979. Athugun, sem gerð var í júní 1979, sýndi, að lífeyrisútgjöld mundu á því ári nema 191.3 millj. kr. í stað 173.6 millj. kr., þ. e. 10.2% hærri fjárhæð, ef um slíka fulla verðtryggingu væri að ræða. Lífeyrisgreiðslur 1979 hafa farið nokkuð fram úr þeirri áætlun, sem bá var stuðst við, aðallega vegna endurskoðunar fyrri úrskurða, sem fram fór á síðari hluta árs 1979. Munu lífeyrisútgjöld, er tilheyra árinu 1979, hafa numið um 185 milli. kr., en mundu hafa numið um 204 millj. kr. með fullri verðtryggingu. Út-giöld ankast mjög á árinu 1980, og má áætla, að lífeyrisgreiðslur nemi á því ári 297 millj. kr. að óbreyttum reglum, en 330 millj. kr. með fullri verðtryggingu lífeyris í samræmi við meðfylgjandi frumvarp.

Ekki er gert ráð fyrir auknum tekjum sjóðsins til að mæta þeirri útgjalda- aukningu, sem full verðtrygging hefur í för með sér. Þótt lífeyrisgreiðslur fari vaxandi, verða þær enn um skeið tiltölulega lágar í hlutfalli við iðgjaldatekjur, og hin breyttu verðtryggingarákvæði munu því ekki hafa veruleg áhrif á fjárhags- stöðu sjóðsins næstu ár. Jafnframt má henda á, að fram á síðustu ár hefur staða hans verið talin sterk og áður nefnd aukaframlög hafa að mestu staðið undir út-giöldum til verðbóta undanfarin ár. Á því 5 ára tímabili, sem gert er ráð fyrir að verðtryggingarákvæði frumvarpsins gildi, veitist svigrúm til rækilegrar athugunar á stöðu sjóðsins, m. a. með hliðsjón af nýrri vaxtastefnu, sem verið hefur í deigl-

unni að undanfögnu og ráða mun afar miklu um fjárhagsgrundvöll lífeyrissjóða í framtíðinni.

Í 2. málsg. 1. gr. frumvarpsins er kveðið á um heimild til handa Lífeyrissjóði sjómanna til aðildar að samstarfssamningi lífeyrissjóða, sem upphaflega var gerður árið 1976 í framhaldi af áður nefndu samkomulagi launþega og vinnuveitenda um málefni lífeyrissjóða, en hefur síðan tvívegis verið framlengdur. Sjóðurinn hefur frá byrjun tekið þátt í þessu samstarfi, og hefur það með skírskotun til áður nefndra aukaframlaga verið gert án sérstakrar lagaheimildar. Samkvæmt lögum nr. 97/1979, um eftirlaun til aldraðra, ber öllum lífeyrissjóðum frá og með árinu 1980 að leggja fram fé til eftirlaunagreiðslna samkvæmt lögnum, og hefur aðild að samstarfssamningnum því ekki lengur í för með sér byrðar, sem ella mætti komast hjá. Á hinn bóginn má gera ráð fyrir, að framvegis sem hingað til komi lítið í hlut Lífeyrissjóðs sjómanna úr þeim sameiginlega sjóði, sem kveðið er á um í samstarfssamningnum, ekki síst eftir að allar lífeyrisgreiðslur sjóðsins verða verðtryggðar að fullu.

Frumvarp þetta er flutt að ósk stjórnar Lífeyrissjóðs sjómanna.